



Flórgoðinn

Vetrarfrí - heilsdagsskóli / forstöðumaður

Mikilvæg atriði

- Vetrarfrí mánudag, þriðjudag og miðvikudag í næstu viku.
- SÍF gefur tölvur í Snjallheima.
- Kolbrún Hlökkversdóttir forstöðumaður heilsdagsskólans.
- Heilsdagsskólinn opinn í vetrarfrí.
- Skápar nemenda skipulagðir að nýju í vetrarfrí.
- **VIÐ SÖFNUM BÓKUM Á BÓKASAFNIÐ OKKAR. ERT ÞÚ AFLÖGUFÆR? KÍKTU ÞÁ VIÐ Á SAFNINU EFTIR HÁDEGI NÆSTU DAGA.**

Vetrarfrí er í Áslandsskóla í næstu viku, nánar tiltekið mánudaginn 3. mars, þriðjudaginn 4. mars og miðvikudaginn 5. mars.

Vetrarfrí er fyrst og síðast hugsað fyrir nemendur og að þeir fái örlitla hvíld frá skólavinnunni. Þannig er upphaflega hugsunin á bak við þetta leyfi að fjölskyldan nýti tímann saman til uppbyggilegra verka eða ferðalaga.

Þar sem allir foreldrar eiga kannski ekki tök á því að nýta vetrarfrisdagana eins og þeir eru hugsaðir verður heilsdagsskólinn opinn þessa daga frá kl. 8:00-17:30.

Hyggist foreldrar nýta sér dvöl í heilsdagsskólanum verða þeir að nálgast sérstakt eyðublað á skrifstofu skólans, ganga frá greiðslu og skila eyðublaði ásamt staðfestingu greiðslu á skrifstofu skólans fyrir kl. 12:00 föstudaginn 28. febrúar.

Nú nýverið var **Kolbrún Hlökkversdóttir** ráðin forstöðumaður heilsdagsskólans út þetta skólaár.

Kolbrún er myndmenntakennari að mennt og hefur m.a. kennt í Álftanesskóla.

Þjóðum við Kolbrúnu velkomna til starfa við Áslandsskóla.



Tölvugjöf frá SÍF

Samband íslenskra fiskframleiðenda — SÍF, gaf Áslandsskóla þrjár tölvur nú nýlega. Ákveðið hefur verið að setja tölvurnar upp í *Snjallheimum*, þ.e. lesveri námsaðstoðar við nemendur sem komnir eru skemur eða lengra á veg en aðrir nemendur skólans. Vélarnar koma svo sannarlega að góðum notum og er SÍF færðar hugheilar þakkir fyrir framlag þeirra til Áslandsskóla.

Endurskipulagning nemendaskápa

Nemendur skólans sem þegar eru byrjaðir að nýta nemendaskápa á göngum skólans eru beðnir að tæma þá og taka með sér lása í **síðasta lagi föstudaginn 28. febrúar.**

Ástæðan er sú að í vetrarfrí verða skápamál skipulögð nánar. Nemendur geta síðan sótt um að fá skáp að láni að vetrarfrí loknu.

